

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 44/2006

frá 28. apríl 2006

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2005 frá 30. september 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/67/EB frá 18. október 2005 um breytingu á I. og II. viðauka við tilskipun ráðsins 86/298/EBE, I. og II. viðauka við tilskipun ráðsins 87/402/EBE og I., II. og III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB um gerðarviðurkenningu dráttarvéla fyrir landbúnað eða skógrækt í því skyni að aðlag þessa viðauka ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 20. lið (tilskipun ráðsins 86/298/EBE), 22. lið (tilskipun ráðsins 87/402/EBE) og 28. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB) í II. kafla II. viðauka við samninginn:

„– **32005 L 0067**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/67/EB frá 18. október 2005 (Stjtið. ESB L 273, 19.10.2005, bls. 17).

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2005/67/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. apríl 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 339, 22.12.2005, bls. 12, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 66, 22.12.2005, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 273, 19.10.2005, bls. 17.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.